

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**710. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 29. ágúst 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við Sigríði Tryggvadóttur og Sigríði Hjaltadóttur.
2. Vistvernd í verki. Ína björk Ársælsdóttir, umhverfisstjóri.
3. Bréf Kvenfélagsins Freyju.
4. Bréf Iðnaðarráðuneytisins.

**Afgreiðslur:**

1. Sigríður Tryggvadóttir og Sigríður Hjaltadóttir eru mættar til fundar við byggðarráð. Kynntu þær málþing sem halda á í Húnaþingi vestra 22. október n.k. um Jakob H. Líndal jarðfræðing og óskuðu eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna þess. Byggðarráð óskar eftir frekari gögnum og frestar afgreiðslu til næsta fundar.
2. Vistvernd í verki. Umhverfisstjóri er mættur á fund byggðarráðs til að kynna verkefni Landverndar um vistvernd í verki.
3. Lagt fram til kynningar bréf Kvenfélagsins Freyju, þar sem tilkynnt er að á aðalfundi Kvenfélagsins Freyju hafi verið ákveðið að styrkja kaup á rennihurð í Nestúni um allt að 500.000 krónur. Byggðarráð þakkar fyrir höfðinglega gjöf Kvenfélagsins Freyju.
4. Lagt fram til kynningar bréf Iðnaðarráðuneytisins dags. 19. ágúst s.l. um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:34

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

\_\_\_\_\_  
Ragnar S. Helgason

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

\_\_\_\_\_  
Áheyrnarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri